

Hagræðing

Frómur og góður borgari lagði af stað í eilífðina. Þegar hann hafði gengið spölkorn kom hann að gatnamótum, þar sem einn vegvísir benti niður á við, en annar upp. Eftir nokkra umhugsum ákvað hann að hann hefði verið góður maður allt sitt líf ætti því að leggja á brattann.

Og þegar sá frómi hafði gengið um stund kom hann að hliði, sem hann taldi vera hið rétta. Hann bankaði og—viti menn—kom Kölski til dyra. Þeim fráma brá nokkuð og spurði hverju þetta sætti; hvort verið gæti að hann hefði ekki farið eftir réttum vegvísi við gatnamótin.

"Jú, jú", svaraði sá svarti; "þú ert á réttum stað. Við Pétur ákváðum að sameina og ég er bara dyravörður hérna".